

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1018****2023/EES/40/03****frá 22. júní 2021****um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð
(ESB) 2021/637 að því er varðar birtingu upplýsinga um vísa um kerfislegt mikilvægi á
alþjóðavísu og um niðurfellingu framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1030/2014 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar stofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 434. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Ákvæði 441. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 krefjast þess að kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu birti árlega gildi þeirra vísa sem eru notaðir til að ákvarða stigafjölda þeirra í samræmi við þá greiningaraðferðafræði sem um getur í 131. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ⁽²⁾. Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1030/2014 ⁽³⁾, sem var samþykkt á grundvelli 2. mgr. 441. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eru sett fram samræmd form og dagsetningar fyrir birtingu þeirra gilda sem notuð eru til að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu. Ákvæði 2. mgr. 441. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 voru felld úr gildi með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 ⁽⁴⁾.
- 2) Ákvæði 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB mæla fyrir um viðmið fyrir greiningu á kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu. Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 ⁽⁵⁾ er sett fram aðferðafræði til þeirrar greiningar og undirflokka kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu skilgreindir. Framseldri reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 var breytt með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/539 ⁽⁶⁾ til að taka tillit til endurskoðaðra alþjóðlegra staðla um greiningu kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, eins og Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti í júlí 2018 ⁽⁷⁾. Þessir endurskoðuðu alþjóðlegu staðlar, og einkum krafan um að nota samræmt snið fyrir upplýsingar um gildi þeirra vísa sem eru notaðir til að ákvarða stigafjölda kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu sem um getur í 441. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, ættu að endurspeglast í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 ⁽⁸⁾.
- 3) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 224, 24.6.2021, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2022 frá 8. Júlí 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 24, 23.3.2023, bls. 25.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtuð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1030/2014 frá 29. september 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar samræmt form og dagsetningu birtingar á tölugildum sem notuð eru til að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtuð. ESB L 284, 30.9.2014, bls. 14).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vagnarhlutfall, hlutfall stöðugrar nettófjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáættu mótaðila, markaðsáættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtuð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1222/2014 frá 8. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu (Stjtuð. ESB L 330, 15.11.2014, bls. 27).

⁽⁶⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/539 frá 11. febrúar 2021 um viðbætur við framselda reglugerð (ESB) nr. 1222/2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla til nánari útskýringar á aðferðafræðinni við að greina kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og til skilgreiningar á undirflokkum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu (Stjtuð. ESB L 108, 29.3.2021, bls. 10).

⁽⁷⁾ Baselramminn – SCO40: Kerfislega mikilvægir bankar á alþjóðavísu.

⁽⁸⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/637 frá 15. mars 2021 um tæknilega framkvæmdastaðla að því er varðar opinbera birtingu stofnana á upplýsingunum sem um getur í II. og III. bálki áttunda hluta reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1423/2013, framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1555, framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/200 og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2295 (Stjtuð. ESB L 136, 21.4.2021, bls. 1).

- 4) Með reglugerð (ESB) 2019/876 var einnig innleidd 434. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, sem heimilar framkvæmdastjórninni að samþykkja tæknilega framkvæmdarstaðla til að tilgreina samræmd snið fyrir upplýsingagjöf fyrir nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhættulýsingar stofnana og að hve miklu leyti þeir hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrsta til sjöunda hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013. Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637 var samþykkt á grundvelli þeirrar 434. gr. a og innleiðir nýjar kröfur í stað þeirra sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1030/2014. Því er rétt að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1030/2014 úr gildi.
- 5) Til að tryggja snurðulausa yfirfærslu frá framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1030/2014 til framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2021/637, ætti dagurinn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda að vera sá sami og dagurinn þegar framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637 kemur til framkvæmda, sem er 28. júní 2021. Af sömu ástæðu ætti gildistökudagur þessarar reglugerðar að vera sá sami og dagurinn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, áður en hún kemur til framkvæmda, sem er 28. júní 2021.
- 6) Baselinefndin um bankaeftirlit birti sameinaðan Baselrammann í desember 2019, að meðtöldum uppfærðum birtingarkröfum samkvæmt stoð 3⁽⁹⁾, sem voru að mestu innleiddar í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með reglugerð (ESB) 2019/876. Til að innleiða þessar breytingar var komið á samræmdum og heildstæðum ramma um birtingar samkvæmt stoð 3 með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637. Því ættu kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu að nota skýrslu um stoð 3 sem er í samræmi við þessa reglugerð þegar þær birta upplýsingar um gildi þeirra vísa sem eru notaðar til að ákvarða stigafjölda þeirra.
- 7) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 8) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir ráðgjöf hagsmunahóps, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010⁽¹⁰⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637

Eftirfarandi 6. gr. a bætist við í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/637:

„6. gr. a

Birting upplýsinga um vísa um kerfislægt mikilvægi á alþjóðavísu

1. Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu birta upplýsingar um gildi þeirra vísa sem notaðir eru til að ákvarða stigafjölda, eins og um getur í 441. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með því að nota það samræmda snið fyrir upplýsingagjöf, sem um getur í 434. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem nota skal fyrir það safn af gildum vísa hjá viðkomandi yfirvöldum eins og sett er fram í 2. mgr. 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1222/2014, að undanskildum hvers kyns viðbótargögnum og minnisblöðum og atriðum varðandi þau sem safnað er í samræmi við þá grein.

2. Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu birta þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. í ársskýrslu sinni um stoð 3. Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu endurbirta þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. í fyrstu ársskýrslu sinni um stoð 3 í kjölfar lokaframlagningar á vísagildunum til viðeigandi yfirvalda, ef framlagðar tölur eru aðrar en þær tölur sem eru birtar í ársskýrslu um stoð 3.“

⁽⁹⁾ Baselinefndin um bankaeftirlit, DIS Kröfur um upplýsingagjöf, desember 2019.

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

2. gr.

Niðurfelling framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 1030/2014

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1030/2014 er felld úr gildi.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 28. júní 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
